

Stjórnarfundur KSÍ 31. janúar 2019

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni kvenna. Tillaga að breytingu á greinum 5.

Breytingar á grein 5.

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og deildarbikarkeppni kvenna.

(Knöttur í þak)

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstríkað**

Lagt er til að grein 5 í reglugerð KSÍ um deildarkeppni karla og deildarbikarkeppni kvenna, sem er svohljóðandi:

5. LEIKREGLUR

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

verði svohljóðandi:

5. LEIKREGLUR

5.1 Knattspyrnulögin eru í fullu gildi, svo og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót eftir því sem við á. ~~Í leikjum í knattspyrnuhúsum gildir, að fari knötturinn í þak hússins í leik, skal leikmaður úr því liði, sem ekki snerti knöttinn síðast, taka innvarp á hliðarlínu, næst þeim stað sem knötturinn snerti þakið.~~

5.2 Heimilt er að skrá 18 leikmenn á leikskýrslu í hverjum leik, 11 sem hefja leikinn og 7 varamenn. Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

Greinargerð:

Um er að ræða tillögu að breytingu sem unnin var af dómara nefnd KSÍ eftir yfirferð nefndarinnar á núgildandi reglugerðum um Deildarbikarkeppni KSÍ. Samkvæmt knattspyrnulögunum ber dómara að stöðva leik þegar knöttur fer í þak knattspyrnuhúsa og láta knöttinn falla sem næst þeim stað sem knötturinn fer í þakið. Með því að hafa sér ákvæði í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla og kvenna, líkt og verið hefur undanfarin ár, er misræmi á leikreglum á milli deildarbikarsins og annarra móta, þ.e. Íslandsmóta og bikarkeppna. Með þessari breytingu er verið að samræma leikreglur að þessu leyti í öllum mótum. Þetta er mikilvægt þar sem Íslandsmót og bikarkeppni KSÍ hafa færst fram og er jafnvel leikinn á sama tíma og hluti deildarbikarsins.